

## Svar

### utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um viðveru erlends herliðs.

1. *Hversu mikil var viðvera erlends herliðs á Íslandi á árunum 2017–2022? Þess er óskað að fram komi tímasetning og lengd viðveru hvers hóps, upprunaríki, fjöldi liðsmanna og tilefni viðveru.*

Í töflunum hér að neðan er yfirlit yfir viðveru erlends herliðs á Íslandi á árunum 2017–2022 ásamt upplýsingum um tímasetningar, upprunaríki, fjölda liðsmanna og tilefni viðveru.

2022	Hópur	Fjöldi (meðaltal)	Tímabil	Tilefni
	Bandaríski sjóherinn (P8)	171	1. jan. – 31. des.	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski sjóherinn (MTOC)	19	1. jan. – 31. des.	Kafbátaeftirlit
	Kanadíski flugherinn	30	26. jan. – 17. mars	Kafbátaeftirlit
	Portúgalski flugherinn	74	26. jan. – 14. apríl	Loftrýmisgæsla
	Þýskir, breskir og bandarískir liðsmenn	115	23. mars – 19. apríl	Norður-Víkingur
	Ítalski flugherinn	127	16. apríl – 7. júlí	Loftrýmisgæsla
	Danski flugherinn	12	25. júlí – 30. ágúst	Viðgerð á þyrlu
	Sprengjusérfræðingar frá ýmsum bandalagsríkjum	212	19. sept. – 14. okt.	Northern Challenge
	Kanadíski flugherinn	35	30. sept. – 21. des.	Kafbátaeftirlit

2021	Hópur	Fjöldi (meðaltal)	Tímabil	Tilefni
	Bandaríski sjóherinn (P8)	54	1. jan. – 3. mars	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski sjóherinn (MTOC)	16	1. jan. – 31. des.	Kafbátaeftirlit
	Kanadíski flugherinn	26	1. jan. – 31. jan.	Kafbátaeftirlit
	Norski flugherinn	91	2. feb. – 5. apríl	Loftrýmisgæsla
	Bandaríski sjóherinn (P8)	177	16. mars – 31. des.	Kafbátaeftirlit
	Franskir, þýskir og kanadískir liðsmenn	46	20. júní – 5. ágúst	Dynamic Mongoose
	Bandaríski flugherinn	102	3. júlí – 4. ágúst	Loftrýmisgæsla
	Pólski flugherinn	101	5. ágúst – 5. okt.	Loftrýmisgæsla
	Bandaríski flugherinn	120	12. ágúst – 26. sept.	B2 verkefni
	Danski flugherinn	14	15. sept. – 18. okt.	Viðgerð á þyrlu
	Sprengju sérfræðingar frá fjölda þjóða	156	9. okt. – 3. nóv.	Northern Challenge
	Kanadíski flugherinn	40	13. nóv. – 24. des.	Kafbátaeftirlit

2020	Hópur	Fjöldi (meðaltal)	Tímabil	Tílefni
	Bandaríski sjóherinn (P8)	58	1. jan. – 18. jan.	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski sjóherinn (MTOC)	15	1. jan. – 31. des.	Kafbátaeftirlit
	Bandarískir og norskir liðsmenn	45	22. jan. – 4. maí	Norður-Víkingur
	Kanadíski flugherinn	22	27. jan. – 27. maí	Kafbátaeftirlit
	Norski flugherinn	91	2. feb. – 3. apríl	Loftrýmisgæsla
	Bandaríski sjóherinn (P8)	24	3. feb. – 7. feb.	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski sjóherinn (P8)	17	1. mars – 6. mars	Kafbátaeftirlit
	Ítalski flugherinn	113	24. maí – 28. júlí	Loftrýmisgæsla
	Bandaríski sjóherinn (P8)	105	8. júní – 24. nóv.	Kafbátaeftirlit
	Breskir, norskir og franskir liðsmenn	34	26. júní – 20. júlí	Dynamic Mongoose
	Danski flugherinn	10	1. júlí – 19. júlí	Viðgerð á þyrlu
	Sprengjusérfræðingar frá fjölda þjóða	37	29. ágúst – 22. sept.	Northern Challenge
	Danski flugherinn	10	22. sept. – 27. okt.	Viðgerð á þyrlu
	Bandaríski flugherinn	167	1. okt. – 10. nóv.	Loftrýmisgæsla
	Kanadíski flugherinn	46	17. okt. – 6. nóv.	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski sjóherinn (P8)	4	14. des. – 20. des.	Kafbátaeftirlit

  

2019	Hópur	Fjöldi (meðaltal)	Tímabil	Tílefni
	Bandaríski sjóherinn (P8)	57	28. jan. – 24. feb.	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski sjóherinn (MTOC)	7	3. feb. – 23. feb.	Kafbátaeftirlit
	Ítalski flugherinn	107	1. mars – 18. apríl	Loftrýmisgæsla
	Bandaríski sjóherinn (MTOC)	11	28. mars – 30. nóv.	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski sjóherinn (P8)	12	12. apríl – 15. júlí	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski flugherinn	105	21. júlí – 27. ágúst	Loftrýmisgæsla
	Bandaríski sjóherinn (P8)	13	20. maí – 10. júní	Kafbátaeftirlit
	Sprengjusérfræðingar frá fjölda þjóða	122	31. ágúst – 24. sept.	Northern Challenge
	Ítalski flugherinn	139	23. sept. – 31. okt.	Loftrýmisgæsla
	Bandaríski sjóherinn (P8)	54	20. okt. – 14. des.	Kafbátaeftirlit
	Breski flugherinn	103	28. okt. – 17. des.	Loftrýmisgæsla

  

2018	Hópur	Fjöldi (meðaltal)	Tímabil	Tílefni
	Bandaríski sjóherinn (MTOC)	7	1. jan. – 16. feb.	Kafbátaeftirlit
	Danski flugherinn	45	5. apríl – 2. maí	Loftrýmisgæsla
	Bandaríski sjóherinn (P8)	91	17. júní – 12. júlí	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski sjóherinn (MTOC)	7	19. júní – 11. júlí	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski flugherinn	167	24. júlí – 3. sept.	Loftrýmisgæsla
	Bandaríski sjóherinn (MTOC)	14	24. ágúst – 28. ágúst	Kafbátaeftirlit
	Ítalski flugherinn	127	27. ágúst – 10. okt.	Loftrýmisgæsla
	Sprengjusérfræðingar frá fjölda þjóða	140	16. sept. – 27. sept.	Northern Challenge
	Bandaríski sjóherinn (P8)	29	14. okt. – 30. okt.	Kafbátaeftirlit

2017	Hópur	Fjöldi (meðaltal)	Tímabil	Tílefni
	Ítalski flugherinn	100	9. mars – 30. apríl	Loftrýmisgæsla
	Bandaríski sjóherinn (MTOC)	11	19. apríl – 31. des.	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski sjóherinn (P8)	11	19. apríl – 31. des.	Kafbátaeftirlit
	Kanadíski flugherinn	119	1. maí – 23. júní	Loftrýmisgæsla
	Breskir, bandarískir, franskir, kanadískir og þýskir liðsmenn	140	18. júní – 9. júlí	Dynamic
	Bandaríski sjóherinn (P8)	9	1. júlí – 15. júlí	Mongoose
	Bandaríski flugherinn	119	15. ágúst – 19. okt.	Kafbátaeftirlit
	Bandaríski sjóherinn (P8)	54	21. ágúst – 17. des.	Loftrýmisgæsla
	Sprengjusérfræðingar frá fjölda þjóða	139	23. sept. – 20. okt.	Kafbátaeftirlit
				Northern Challenge

2. *Komu upp dagar á fyrrgreindu tímabili þar sem enginn liðsmaður erlends hers var staðsettur á landinu? Sé svo er þess óskað að fram komi hvaða daga það gerðist. Hafi það ekki gerst á tímabilinu er óskað upplýsinga um það hvenær háttaði síðast svo til að enginn liðsmaður erlends hers var á landinu.*

Já, á árunum 2017–2022 komu upp um það bil 260 dagar þar sem enginn liðsmaður erlends hers var staðsettur á landinu. Síðast háttaði svo til 31. desember 2019.

2019	Engin viðvera
	1. jan. – 27. jan.
	18. des. – 31. des.

  

2018	Engin viðvera
	17. feb. – 4. apríl
	3. maí – 17. júní
	30. okt. – 31. des.

  

2017	Engin viðvera
	1. jan. – 8. mars

3. *Hvaða samráð hefur átt sér stað við íslensk stjórnvöld varðandi aukna viðveru erlends herliðs á tímabilinu? Hvaða efnislegu umræðu, og eftir atvikum afgreiðslu, hefur þróunin fengið innan ríkisstjórnar og Alþingis? Hversu miklar telur ráðuneytið að breytingar á viðveru herliðs þurfi að vera til að flokkast sem meiri háttar utanríkismál?*

Íslensk stjórnvöld eiga náð og reglulegt samráð um þau verkefni sem erlend herlið sinna á og frá Íslandi. Stjórnvöld hafa fullt forræði yfir því hvaða liðsafla dvelur hér á hverjum tíma. Það er m.a. tilgreint í tvíhliða varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1951 og síðari viðbótum við hann. Í ljósi umfangs viðveru liðsafla Bandaríkjanna er viðhaft a.m.k. vikulegt samráð við varnarmálafulltrúann í sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík.

Ytri aðstæður ákvarða að verulegu leyti umfang verkefna liðsafla og því getur verið mikill munur á stærð liðsafla milli tímabila, jafnvel milli daga. Eðlisbreyting á öryggisumhverfi í okkar heimshluta hefur kallað á aukna viðveru á Norður-Atlantshafi, þar á meðal á Íslandi. Ísland styður við viðveru og viðbúnað á svæðinu með því að veita gistiríkjaaðstöðu til bandalagsríkja sem er mikilvægt framlag Íslands til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins. Umræða um þróun öryggis- og varnarmála er reglulega á dagskrá ríkisstjórnar og utanríkis-

málanefndar. Þá koma fram greinargóðar upplýsingar um viðbúnað og viðveru í skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis og í svörum við fyrirspurnum þingmanna.

*4. Á hvaða mati byggir hin aukna viðvera? Á hvaða vettvangi fer matið fram af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvaða greiningar liggja því til grundvallar?*

Það er samdóma mat herstjórna Atlantshafsbandalagsins og bandalagsríkjanna að breytt öryggisástand í Evrópu kalli á aukinn viðbúnað, æfingar og aukið eftirlit, m.a. á Norður-Atlantshafi. Ísland tekur virkan þátt í starfsemi Atlantshafsbandalagsins þar sem umfangsmikil greiningarvinna og mat fer fram. Þá eiga stjórnvöld jafnframt í nánu og reglulegu samráði við stjórnvöld og hermálafirvöld í einstökum aðildarríkjum, einna helst í Bandaríkjunum, þar að lútandi.

Alls fóru 35 vinnustundir í að taka þetta svar saman.